

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 430/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðmanni Ólfjörð Guðmannssyni

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Nauðgun. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. september 1993. Krefst ákærði sýknu, en af ákærvaldsins hálfu er krafist þyngingar á refsingu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, eru ákærði og stúlkan A sammála um, að samfarir þeirra hafi í upphafi verið með samþykki stúlkunnar. Ákærði var 22 ára gamall, en stúlkan var tæplega 15 ára. Ákærði bar í skýrslu fyrir lögreglu, að hann hefði verið það ölv-aður, að hann myndi óglöggt eftir atburðarásinni, en minnstist þess þó, að stúlkan hefði haft á orði, að hún vildi þetta ekki. Hann hefði engu að síður haldið áfram að hafa samfarir við stúlkuna, en „hún hafi þá orðið alveg brjáluð. Hún byrjaði að öskra eða ætlaði að fara að byrja að öskra og þá hélt ég fyrir munninn á henni. Ég hélt síðan eitthvað smávegis áfram þarna og svo sleppti ég henni bara en þá var hún orðin alveg brjáluð“. Er hann var spurður um það, hvort hann hefði neytt aflsmunar gagnvart stúlkunni, sagði hann: „Ég man bara eftir að hafa haldið fyrir munninn á henni. Annað man ég ekki en eitthvað hefur maður sennilega tekið á henni.“ Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þröngvað stúlkunni til samfara, eftir að hún vildi hætta. Hann kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum, sem hér voru greind, en synjaði ekki fyrir þau. Stúlkan A hefur í meginatriðum verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni af atburðarásinni umrædda nótt. Ástand stúlkunnar og hegðun, þegar lögreglumennirnir óku fram á hana, styðja eindregið framburð hennar. Samkvæmt vottorði sérfræðings

á fæðingar- og kvensjúkdómadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem skoðaði stúlkuna sömu nótt, var hún í miklu uppnámi. Skoðun leiddi í ljós grunnt, ferskt sár í leggöngum ofanverðum, sem greinilega var eftir samfarir. Samkvæmt framansögðu er fallist á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæðis.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð dóms sakadóms Akureyrar 11. mars 1992, þar sem hann var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 60. gr., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, ber að staðfesta refsíákvörðun héraðsdómara, fangelsi í tólf mánuði.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðmann Ólfjörð Guðmannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 5. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní 1993, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. mars 1993, á hendur „Guðmanni Ólfjörð Guðmannssyni, Fjólugötu 9, Akureyri, fæddum 29. júlí 1970, fæðingarnúmer 424, fyrir nauðgun með því að hafa um eða laust eftir kl. 03.00 aðfaranótt laugardagsins 24. október 1992 í herbergi sínu í kjallara raðhússins Vanabyggðar 4 e, Akureyri, með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað stúlkunni A, fæddri [...] 1977 til holdlegs samræðis eða tælt hana til þess.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 eða 2. mgr. 202. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Verjandi ákærða hefur aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

Málavextir eru þeir, að um kl. 03.20 aðfaranótt laugardagsins 24. október öku lögreglumenn í eftirlitsferð suður Þórunnarstræti. Sáu þeir þá stúlkuna

A sunnan gatnamóta Þórunnarstrætis til norðurs. Var hún í skyrtnu, berlæruð en í sokk á hægra fæti. Er lögreglumennirnir hugðust hafa tal af stúlkuinni, hljóp hún austur Hamarsstíg, þar sem þeir stöðvuðu hana. Tjáði hún þeim, að sér hefði verið nauðgað og að Guðmann, frændi sinn, hefði gert það. Stúlkan var í miklu uppnámi, grét í ekka og átti erfitt með mál. Var hún flutt á lögreglustöðina og síðan á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA).

Vitnið A skýrir svo frá í lögregluskýrslu, sem tekin var af henni daginn eftir framangreinda atburði, að hún hafi verið við drykkju ásamt nokkrum kunningjum sínum kvöldið áður. Hafi þau farið í miðbæinn laust fyrir miðnætti. Vitnið kvaðst hafa verið orðin ölvuð og lítið muna eftir sér fyrr en hún var stödd í leigubifreið ásamt ákærða. Þó muni hún eftir því að hafa dottið fyrr um kvöldið og fengið skurð á hnakkann. Hún hafi engin samskipti haft við ákærða fyrr en þessa nótt utan þau, að þau hafi einstaka sinnum talast við [...]. Vitnið kvað þau ákærðu hafa verið að kyssast í aftursæti bifreiðarinnar, sem síðan hafi staðnæmst fyrir utan heimili ákærða, og þau farið þangað inn, niður í kjallara í herbergi ákærða. Þar hafi þau lagst upp í rúm og haldið áfram að kyssast, en ekki kvaðst vitnið þó hafa farið með ákærða til að hafa samfarir við hann, heldur til að ræða við hann. Vitnið kvaðst sjálf hafa hneppt frá buxnaklaufinni að gallabuxunum sínum og losað beltið, en ákærði hafi síðan dregið buxurnar og nærbuxurnar niður af henni og síðan afklæðst sjálfur. Ákærði hafi síðan lagst ofan á hana og sett getnaðarlim sinn inn í fæðingarveg hennar og hafið samræðishreyfingar. Vitnið kvað þetta í fyrstu hafa verið með sínu samþykki, en síðan hafi hún „áttað sig betur“ og fundist þetta „ógeðslegt“ og viljað hætta. Hún hafi farið að gráta og um leið reynt að snúa sér í rúminu og losa sig við ákærða. Hún hafi sagt ákærða, að hún vildi komast í bæinn og hitta B, unnusta sinn. Hún hafi reynt að ýta við ákærða og kreppa saman fæturna, til að hann kæmist ekki að henni, en ákærði hafi haldið henni fastri, hann hafi með valdi fært sundur á henni fæturna og þröngvað getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg hennar. Ákærði hafi jafnframt gripið fyrir munn hennar og sagt: „Hættu að grenja, ég þoli ekki grenjuskjóður.“ Þá hafi hann hóttað að kæfa hana, ef hún léti ekki að vilja hans. Vitnið kvaðst hafa óttast, að ákærði myndi framfylgja þessum hótunum og því hafi hún ekki streist frekar á móti, hún hafi verið komin með köfnunartilfinningu og verið orðin afar skelkuð. Ákærði hafi síðan hætt, en hún sé ekki viss um hvort honum hafi orðið sáðlát. Hún hafi síðan staðið á fætur, en ákærði neitað henni um að klæðast og varnað henni útgöngu. Ákærði hafi loks kveikt á sjónvarpstæki og sofnað. Hún hafi þá komist óhindrað út úr húsinu og lögreglan stöðvað hana skömmu síðar.

Vitnið hefur staðfest framangreinda skýrslu sína fyrir dómi og var fram-
burður hennar þar í aðalatriðum í samræmi við skýrsluna.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna, hvort ákærði hefði ætlað að hjálpa henni um nóttina, en á því hafði vitnið orð, er lögreglumenn fundu hana. Þá kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa þurft að ganga til læknis eftir at-
burðinn.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu daginn eftir umræddan atburð. Þar skýrir ákærði svo frá að hann hafi verið ölvaður og muni óglöggt eftir sér þessa nótt. Hann kvaðst hafa hitt A og systur hennar hjá Nætursólunni og hafi síðan hann og A gengið að BSO og tekið leigubifreið, en líklegast taldi ákærði, að hann hefði boðið henni heim og hún þegið boðið. Að-
spurður kvaðst ákærði ekki muna, hvort hann hefði ætlað að hjálpa A. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað þeim hafi farið á milli í leigubifreiðinni, en hefði ætlað að hafa samfarir við A og kvaðst ekki hafa vitað betur en hún hefði haft það sama í huga. Ákærði kvaðst hafa vitað um aldur A. Um það, sem gerðist, eftir að þau yfirgáfu leigubifreiðina, sagði ákærði: „Þá fórum við inn og fórum að kyssast er inn var komið. Svo æstist leikurinn eitthvað. Ég held að ég hafi háttað mig sjálfur. Mig minnir að hún hafi sjálf klætt sig úr buxunum. Hún lá á bakinu og ég fór á hana.“ Ákærði kvað A í fyrstu hafa verið hikandi, en sig minnti, að hún hefði haft orð á því að hún vildi þetta ekki. „Ég man þetta ekki alveg, mig minnir þetta bara. Jú – hún fór eitthvað að tala um að hún væri á túr en ég sagði að það væri alveg sama.“ Ákærði kvaðst síðan hafa haldið áfram að hafa samfarir við A, en „hún hafi þá orðið alveg brjáluð. Hún byrjaði bara að lemja frá sér – annars man ég þetta ekki – ég man bara brot. Hún byrjaði að öskra eða ætlaði að fara að byrja að öskra, og þá hélt ég fyrir munninn á henni. Ég hélt síðan eitthvað smávegis áfram þarna og svo slepti ég henni bara en þá var hún orðin al-
veg brjáluð. Ég man óglöggt eftir þessu en hún var eitthvað að berja frá sér. Ég hætti samförunum og þá rauk hún bara út alveg einn, tveir og þrír eins og hún stóð.“ Ákærði kvaðst ekki hafa veitt stúlkunni eftirför, hann hafi kallað á eftir henni, en farið svo inn í herbergið aftur og sett spólu í mynd-
bandstækið. Hann hafi síðan fróað sér í rúminu þar til honum varð sádlát, en honum hafi ekki orðið sádlát á meðan á samförunum stóð.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Ákærði neitar að hafa beitt A of-
beldi eða hótunum eða tælt hana til samræðis, en kvaðst þó aðspurður ekki geta neitað að hann kunni að hafa fært í sundur fætur A og tekið fyrir munn hennar, því að hann muni þetta ekki.

Vitnið Valgeir Þór Stefánsson leigubifreiðastjóri, 59 ára að aldri, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sem hann gaf fyrir lögreglu. Vitnið

sagði, að einhvern tíma fyrir kl. 03.00 aðfaranótt laugardagsins 24. október 1992 hefði ungt par komið gangandi á leigubifreiðastöðina. Piltinn þekkti vitnið sem ákærða, en stúlkuna þekkti hann ekki. Þau hafi beðið um akstur að Vanabyggð 4. Vitnið kvað allt hafa verið í góðu lagi á milli ákærða og stúlkunnar og þau hafi talað saman eins og þau þekktust. Stúlkann hafi spurt ákærða að því, hvort Sævar eða Svavar kæmi ekki líka. Þau hafi svo farið úr bifreiðinni á ákvörðunarstað.

Blóðsýni voru tekin úr ákærða og A um kl. 04.30 umrædda nótt og þau rannsökuð. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist 1,68‰, en 1,35‰ í blóði A.

Jóhannes Sigfússon rannsóknarlögreglumaður, Gunnar J. Jóhannsson lögreglufulltrúi, og Guðmundur Svanlaugsson lögreglumaður komu allir fyrir dóm og staðfestu að hafa unnið að rannsókn málsins, ýmist með skýrslutökum, rannsókn á vettvangi, myndatökum af fatnaði, aðstæðum í íbúð ákærða og fleira.

Í málinu liggur fyrir vottorð Edwards Kiernan, sérfræðings á fæðingar- og kvensjúkdómadeild FSA. Í niðurstöðu hans segir orðrétt.

„Samantekt. Skoðunin hefur leitt í ljós grunnt en ljótt sár (sic) djúpt uppi í leggöngum ofanverðum, greinilega eftir samfarir. (A segist ekki hafa haft samfarir við kærasta síðan um síðustu helgi.) Skoðunin leiddi í ljós lifandi sæði, slím er tekið frá leggöngum og skoðuð (sic) í smásjá. Ekki er að sjá neina ytri skaða á líkama A.

Þetta vottorð hefur verið gert eftir bestu samvisku í starfi.“

Bæði A og ákærði hafa borið, að samfarir þeirra hafi í fyrstu verið með samþykki A. Ákærði hefur fyrir dómi neitað að hafa síðan, eftir að A vildi hætta, með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis, en það virðist í nokkru ósamræmi við skýrslugjöf hans fyrir lög-reglu. Þó hefur ákærði aðspurður fyrir dómi ekki geta neitað, að frásögn A af atburðum sé rétt, og ber við minnisleysi. A hefur hins vegar frá upphafi í meginatriðum verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni af því, hvað gerst hafi á milli hennar og ákærða. Þá bendir ástand hennar og hegðun, er lög-reglumenn hittu hana hálfnakta á mótum Þórunnarstrætis og Hamarsstígs, eindregið til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina. Loks er ekkert komið fram í málinu sem rennir stoðum undir að hræðsla hennar og flótti frá húsinu Vanabyggð 4 hafi stafað af öðru en viðskiptum hennar og ákærða.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði, sem er 22 ára að aldri og starfar sem sjómaður, er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði þrisvar gengist undir sátt vegna umferðarlagabrotá og tvisvar vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærði hlotið eftirfarandi dóma:

1991 08/03 Eyjafjarðars., Ak.

Dómur: Fangelsi 1 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1992 11/03 Eyjafjarðars., Ak.

Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 218. gr. og 217. gr. alm. hgl.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að hann hefur með háttsemi sinni rofið skilorð tveggja dóma sakadóms Akureyrar, en jafnframt ber að hafa í huga aðdraganda máls þessa og það, að háttsemi ákærða virðist ekki hafa haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir A. Með hliðsjón af þessu og vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 60.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hrl., krónur 60.000.- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af önnum dómara og fjarveru frá starfi.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmann Ólfjörð Guðmannsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 60.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hrl., krónur 60.000.- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.